

1863.

10. júlím.

52. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um skuld Sigurðar Jacobsens til kirkjunnar á Ingjaldshóli m. m.

Eptir að dómsmálastjórnin nú er búin að fá aptur með bréfi yðar, herra amtmaður, 5. nóvembermán. f. á., útskrift af réttarprófi því, er haldið hafði verið til að fá skýrslur um hina tortryggilegu aðferð Sigurðar Jacobsens, er fyrrum var fjárhaldsmaður kirkjunnar á Ingjaldshóli, m. m., þá skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér gjörð þær ráðstafanir, sem þörf er á í því efni, að þá 110 rd. 51 sk., sem um er rætt í bréfi yðar 26. febrúarm. f. á. og sem fengust fyrir fjármuni Jacobsens, er seldir voru, ber að taka upp í skuld hans til kirkjunnar. Því skal við bætt, að í réttarprófi, sem haldið var yfir Jacobsen eptir tilhlutun stjórnarráðsins 19. marzmán. þ. á. í Frös- og Kalvslunds héraði í hertogadæminu Slèsvík, hefir hann kannazt við, að hann sè enn skuldugur kirkjunni um 81 rd. 77 sk. og tjáð sig fúsan til að borga skuld þessa, en kvaðzt engan veg sjá til þess, þareð hann sè öldungis fèlaus.

10. júlím.

53. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um vegabótagjald af Reykjavíkur bæ, og vegabætur þar.

Í skjali nokkru, er dómsmálastjórninni barst með bréfi yðar herra stiptamtmaður, dags. 23. janúarmán. þ. á., hefir bæjarstjórnin í Reykjavík spurt um:

1. Hvort eigi sè réttur skilningur á tilskipun 15. dag marzmán. 1861, að Reykjavíkur umdæmi skuli vera undanþegið að svara vegagjaldi eptir tilskipunarinnar 16. grein, og
2. Ef þetta er álitíð, hvort Reykjavíkur umdæmi ekki eigi rétt á, að þjóðvegir í umdæminu, að minnsta kosti þeir, er liggja fyrir utan hina eiginlegu kaupstaðarlóð, eins og hún var úthlutað 1792, verði heimfærðir undir tæðrar tilskipunar 2. grein o. fl., þannig að þeir sèu gjörðir og